



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

SÍBS | Icelandic Patients Association

Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland
+354 560 4800 | sibs@sibs.is

MEÐ TÖLVUPÓSTI

Reykjavík, 11. apríl 2016

Umsögn um frumvarp til laga um spilahallir, 51. mál

SÍBS leggst eindregið gegn samþykkt frumvarps til laga um spilahallir, 51. máls. Greinargerð þess efnis fer hér á eftir:

1. Rof á samfélagssáttmála
 - a. Um áratugaskeið hefur ríkt víðtæk sátt um það í íslensku samfélagi, að hagnaði af peningaspilum skuli varið til góðgerðarmála.
 - b. Frumvarpið felur í sér svo stórkostlega breytingu á þessari grunnreglu samfélagsins, að nauðsynlegt er að um hana fari fram víðtæk umræða meðal almennings áður en Alþingi samþykkir slíkt rof í formi einstaks frumvarps.
 - c. Þá er óheimilt skv. lögum um happdrætti nr. 38/2005 3. gr. 1. mgr. að veita aðila happdrættisleyfi, sem ekki ver hagnaði sínum til góðgerðarmála og mannúðarstarfs, sé litið á lög um spilahallir sem sérlög undir almennu lögunum.
2. Inngrip í vinnuferli innanríksráðuneytisins
 - a. Að undanfögnu hefur verið í smíðum í innanríkisráðuneytinu frumvarp til laga um breytingu á lögum um happdrætti nr. 38/2005. Þar er tekið á ýmsum nauðsynlegum uppfærslum á núgildandi lögum, svo sem netspilun, forvarnasjóði og eftirlits- og forvarnagjaldi. Þessa vinnu þarf að klára áður en ný sérlög eru sett.
 - b. Núverandi happdrættisleyfishafar búa við ófullkomið lagaumhverfi sem setur rekstrarhæfi þeirra í hættu, m.a. með að geta ekki boðið netspilun þrátt fyrir að margir milljarðar fari þannig úr landi árlega með ólöglegum hætti til spilafyrirtækja erlendis. Nauðsynlegt er að lagfæra þetta lagaumhverfi sem fyrst, en auka ekki á óvissuna með nýjum sérlögum um spilahallir.
3. Peningaþvætti og skattaundanskot
 - a. Peninga má þvo með að skipta þeim í spilapeninga sem afhentir eru öðrum einstaklingi sem svo skiptir þeim aftur í krónur. Þetta er aðeins einfaldasta útgáfa peningþvættis, en fjölmargar aðrar leiðir má finna til þess með spilapeningum sem gjaldgengir eru í „bönkum“ spilahalla.
 - b. Spilapeningar eru einnig einföld leið til skattaundanskots, t.d. með því að greiða einstaklingi fyrir vinnu í spilapeningum, sem hægt er að skipta í krónur í spilahöll.
 - c. „Húsbaukur“ sem svo er nefndur í lögunum er bæði afar einföld leið til peningaþvættis og um leið handhæg leið fram hjá spilaskatti, því allir spilapeningar sem í hann rata fara skv. frumvarpinu spilaskattfrjálst til starfsmanna og eigenda (sem geta auðvitað líka verið starfsmenn).
 - d. Spilapeningar eru ígildi baktryggðra handhafaskuldabréfa auk þess að vera órekjanlegir, og geta þannig gengið manna á milli í undirheimum eins og hver annar gjaldmiðill – jafnvel án þess að vera nokkurn tímann skipt í krónur.



4. Tekjuafkoma ríkisins

- a. Góðgerðarfélög sem í dag reka happdrætti greiða í raun 100% skatt af sínum tekjum, enda myndu þau verkefni annars falla á ríkið, sem félögin sinna í dag. Skattlagning spilahalla skilar ríkinu hins vegar einungis 40–80% skatti af þeim hluta vergra spilatekna sem ekki er skotið undan, t.d. skv. 4 c hér að ofan. Ríkið gæti því orðið fyrir tekjuskerðingu vegna spilahalla þrátt fyrir skattinn.
- b. Þrepaskiptur skattur eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu mun falla um sjálfan sig þegar félög ná upp fyrir lægsta þrep, því þá geta þau einfaldlega sótt um nýtt spilaleyfi fyrir næsta spil undir hvaða yfirskeyti sem er (og leigja aðstöðu á sama stað af eignarhaldsfélagi spilahallarinnar, sem auðvitað getur verið í eigu sömu aðila).
- c. Engar sönnur hafa verið færðar á að forvarnagjald sem lagt er til dugi fyrir kostnaði samfélagsins vegna aukinnar tíðni spilafíknar.

5. Glufur í frumvarpinu

- a. Í frumvarpinu er ekki tekið á neinn hátt til netspilunar. Myndi spilahöll leyfa sér að bjóða spil á netinu í krafti leyfis síns, fyrst það er ekki bannað?
- b. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ígildi bankastarfsemi spilahalla með spilapeninga. Myndi spilahöll leyfa kaup á spilapeningum með millifærslum gegnum netið eða sölu á þeim á sama hátt? Myndi spilahöll bjóða notendum aðgang að vörslureikningi á „mínu svæði“ fyrir íslenskar krónur og spilapeninga, þar sem hægt væri að sýsla með og jafnvel millifæra spilapeninga milli manna? Eða erlendar millifærslur? Myndi spilahöll veita lán í spilapeningum og á hvaða kjörum?

6. Skortur á lagalegum gæðum

- a. Í greinargerð með frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir afleiðingum spilahalla á spilafíkn; hvorki er vísað í innlendar rannsóknir né fylgir frumvarpinu greining á núverandi stöðu svo mæla megi áhrifin verði frumvarpið að veruleika.
- b. Skilyrði leyfisveitingar eru um margt furðuleg og virðast jafnvel sniðnar að einhverjum tilteknum aðila, svo sem að „... hafa yfir að ráða nægilegum fjölda ferðamanna ...“.
- c. Um ýmis gagnrýnisverð lagatæknileg atriði er vísað í ítarlegri umsögn Happpdrættis Háskóla Íslands og Íslandsspila.

Frumvarpið er til þess fallið að rjúfa þann samfélagssáttmála sem íslenskt þjóðfélag hefur byggt á um áratugaskeið með stoð í lögum nr. 38/2005, að hagnaður af peningaspilum renni til góðgerðarmála.

Þá er líklegt að ríkið yrði fyrir beinni tekjuskerðingu ef hluti spilahagnaðar rennur til einkaaðila í stað samfélagsverkefna líkt og nú er, enda þyrfti ríkið þarf þá að fjármagna þau upp á nýtt með skattfé.

Einnig má úr frumvarpinu lesa fjölmargar leiðir til peningabættis, skattaundanskota og neðanjarðarhagkerfis, sem enn frekar vinna gegn hagsmunum ríkissjóðs.

Loks fer frumvarpið á skjön við þá vinnu sem er í gangi hjá innanríkisráðuneytinu við að uppfæra núverandi lög um happdrætti nr. 38/2005, auk ýmissa lagatæknilegra ágalla.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri